



**Stutt spjall við Rafn Hafnfjörð
í tilefni ljósmyndasýningar
hans á Kjarvalsstöðum**



Rafn tekur myndir sínar jöfnum höndum á Hasselblad og Canon.

Boðskapur sýningarinnar er, að við sem búum í þessu fallega landi, erum ekki alltaf með augun opin — og fegurðin opinberast jafnt að vetri sem sumri, þeim sem vilja sjá. Hér eru tvö dæmi: Sólblik við hvalstöðina í Hvalfirði og ísuð strá á Þingvöllum. Kannski er þó mestur fengur að myndunum, sem Rafn tók á vinnustofu Kjarvals, eftir að meistarinn kvaddi hana í síðasta sinn. Hér er

Vinnustofa Jóhannesar Kjarval við Sigtún er þeim minnisstæð, sem þangað komu á síðustu árunum, sem þessum stórmeistara í myndlist entist heilsa til vinnu. Loftið var mettað af þeim ilmi, sem verður af litum, málaralérefti og ekki sízt varnis. Þarna var sérstakur heimur, þar sem öllu ægði saman; hálfgerðum og fullunnum málverkum, allskonar rissi og skyssum ásamt með úrklippum úr blöðum og myndum af

vinum listamannsins. Minningargreinar um gengna samtíðarmenn voru þar heftar upp á vegginn innan um myndir af snilldarverkum heimslistarinnar og mörgum varð starsýnt á rúm málarans með hrúgu af litatúbum við höfðalagið.

Það er grátlegt, að vinnustofa Jóhannesar Kjarval skyldi ekki varðveitt eins og hann skildi við hana. Ekki minnst ég þess að neinn hreyfði þeirri hugmynd á meðan það

hefði kannski verið hægt, en seinna fóru menn að tala um, hvað það hefði verið stórkostlegt að geta varðveitt vinnustofuna eins og hún var. En þá var allt á tvist og bast og tækifærið gengið úr greipum. Það er þó huggun og sárabætur, að ágætur listamaður, sem vinnur með myndavél, tók upp hjá sjálfum sér að mynda vinnustofuna og atvikin höguðu því svo til, að hann gerði það einmitt, þegar meistarinn var ný-

genginn þaðan í síðasta sinn, — kominn á sjúkrahús og átti ekki afturkvæmt.

Listamaðurinn með myndavélina er Rafn Hafnfjörð, kunnur fyrir framlag sitt á sviði ljósmyndalistar og tilefni þessa formála er einmitt sýning, sem Rafn opnaði í gær, 12. október, að Kjarvalsstöðum. Þar sýnir Rafn 26 myndir úr vinnustofu Kjarvals; úrvalsmyndir, sem teknar voru við dagsljós og hver einasta